

14

31. maí

LÖG

um

viðauka við lög nr. 24, 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Nú er maður smitberi eða grunaður um að vera smitberi einhvers þess sjúkdóms, er getur um í 2. gr. laga nr. 24, 16. nóv. 1907, og heilbrigðisstjórninni þá heimilt, þegar henni þykir ástæða til, að fara með hann eins og hann væri haldinn af þeim sjúkdómi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 31. maí 1927.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.